



# GRUNNÁSTANDSSKÝRSLA

Nordic Fish Leather ehf.

SÚTUN OG VINNSLA Á  
SJÁVARLEÐRI Á  
TÁLKNAFIRÐI.

Hlynur Ársælsson  
Framkvæmdastjóri

**Efnisyfirlit:**

Inngangur.....	2
Möguleg mengunarhætta af þeim efnum sem notuð eru við vinnslu á sjávarleðri.....	3
Úrgangur og mengunarvarnir.....	4
Mat á mögulegri mengun á lóð.....	4

## Inngangur:

Í 15. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit segir að þegar „starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinnar hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, skal taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um grunnástandi svæðis í kringum vinnlustöð að Strandgötu 25, 460 Tálknafirði þar sem sútun á fiskroði fer fram sem og áframvinnsla. Skýrslan er unnin eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi kröfur sem fram koma í 2. mgr. 22. gr tilskipunar um losun í iðnaði (sambættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) um grunnástandsskýrslur.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af Strandgötu 25. Vinnslan er staðsett á annari hæð í þeim hluta hússins sem er innan bláa hringins. Þurrefnageymsla er í afmörkuðu rými í vinstra horni á fyrstu hæð.

## **Möguleg mengunarhætta af þeim efnum sem notuð eru við vinnslu á sjávarleðri:**

### **Sútunar og áferðarefni:**

Þess ber að geta að öll efni sem notuð eru í vinnsluferlinu eru efni sem keypt eru af birgjum sem einungis selja sútunar- og önnur tengd efni sem eru viðurkennd af Evrópusambandinu samkvæmt REACH staðli sambandsins:

[Understanding REACH - ECHA \(europa.eu\)](http://europa.eu)

“REACH is a regulation of the European Union, adopted to improve the protection of human health and the environment from the risks that can be posed by chemicals, while enhancing the competitiveness of the EU chemicals industry. It also promotes alternative methods for the hazard assessment of substances in order to reduce the number of tests on animals.”

Helstu efni eru salt, sápur, kalk, króm, tilbúin sútunarefni og litarefni.

Það er helst að fólk hafi áhyggjur af efnum eins og krómi sem getur verið skaðlegt í miklu magni. Í litlu magni er króm hinsvegar alveg skaðlaust.

Samkvæmt meðmælum frá WHO má hlutfall króms í drykkjarvatni ekki fara yfir 0.05 mg/l. Miðað við áætlaða heildarnotkun á vatni og krómi reiknast okkur til að hlutfallið í affalli frá vinnslunni sé heilt yfir vel undir þessum mörkum.

<https://cdn.who.int/media/docs/default-source/wash-documents/wash-chemicals/chromium.pdf>

Engin rokgjörn efni eru notuð í vinnsluferlinu.

## **Úrgangur og mengunarvarnir:**

Í vinnsluferlinu losnar um fitur og önnur óhreinindi. Þessi óhreinindi hafa þegar verið meðhöndluð með sápum og ensímum og safnast því ekki upp í fráveitu. Reynsla er af því úr fyrri starfsstöð.

Nokkur kíló af hreistri, aðallega laxahreistri falla til í vinnsluferlinu í viku hverri. Hreistrið er sigtað frá þegar sútunartromlur eru tæmdar og því svo komið til förgunar hjá viðurkenndum aðilum.

Efni í vökvaformi eru geymd í lekaheldum umbúðum.

## **Mat á mögulegri mengun á lóðinni:**

Svæðið sem umliggur húsnæði og vinnslu Nordic Fish Leather ehf., á Tálknafirði er steypt fyrir utan gaff að ofanverðu sem snýr að götu og er að hluta niðurgrafinn. Svæðið við gaffinn er grasi vaxið. Engar dyr eða gluggar eru á þeim gaffi.

Öll vinnsla í húsinu fer fram innandyra. Ennfremur eru engar birgðir né efni til vinnslunar geymd utandyra. Möguleg mengun á lóð frá yfirborði er því hverfandi.

Allt affall frá vinnslu fyrirtækisins fer út í fráveitu sveitarfélagsins.